

Mál nr. 80/2022**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Slysátrygging ökumanns og eiganda****Skráningarnúmer ökutækis (X)****Sönnun tjónsatviks.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 9. mars 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 8. apríl 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi lent í slysi þann 24. apríl 2021 í Bláfjöllum. Slysið hafi orðið með þeim hætti að M fékk yfir sig bifhjólið X sem hann ók og við það hafi hann slasast. V hefur hafnað greiðsluskyldu úr slysátryggingu ökumanns og eiganda bifhjólsins X. Afstaða félagsins byggir á því að ósannað sé að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í slysaatburði umrætt sinn og að orsakatengsl milli hins meinta atburðar og einkenna M séu ósönnuð. Enginn sjónarvottur var að atburðinum sjálfum, engin samtímagögn staðfesti atburðinn sjálfan eða að líkamstjón hafi hlotist af, enda beri samtímaskráningar í sjúkraskrá ekki með sér að M hafi minnst á slys eða tengt einkenni sín við áverka fyrr en um miðjan ágúst, tæpum 4 mánuðum eftir meintan atburð, þrátt fyrir að nokkur samskipti og rannsóknir hafi átt sér stað í millitíðinni.

M telur að hann hafi sannað orsakatengsl milli slyssins og núverandi einkenna með fullnægjandi hætti með fyrirbyggjandi lækisfræðilegum gögnum. Hann hafi leitað til heimilislæknis þann 10. maí 2021, rúmunum tveimur vikum eftir slysið og lýst því að hann hafi snúið sig á hægri fæti og tognað á hné. Hann hafði svo aftur samband við heimilislæknis þann 30. maí vegna áframhaldandi einkenna og var sendur í segulómum. Í framhaldinu hafi hann verið sendur til bæklunarlæknis fram framkvæmda aðgerð á hné í byrjun nóvember 2021. Leggur M fram samskiptaseðil heimilislæknis dags. 16. nóvember 2021 þar sem fram kemur að læknum hafi láðst að skrá í sjúkraskrá við komu M til hans þann 10. maí 2021 að áverkana meggi rekja til þess að hann hafi dottið af bifhjóli. Telur M að lækisfræðileg gögn bendi til þess að einkennin tengist umferðarslysinu þann 24. apríl 2021 og að í upplýsingum um fyrra heilsufar sé ekki að finna neinar lækisbætur vegna verkja í hægri hné.

Álit.

Ágreiningur þessa máls varðar það hvort líkamleg einkenni M meggi rekja til meints umferðarslyss þann 24. apríl 2021. M leitaði fyrst til læknis þann 10. maí 2021 og skráði heimilislæknir í sjúkraskrá við þá komu að M hafi snúið sig á hægri fæti fyrir um 5 vikum síðan og tognað á hné. Þann 30. maí 2021 sendi M rafræn skilaboð til heimilislæknis í gegnum Heilsuveru þar sem fram kemur að hnémeiðslin hafi plagað hann í um 2 mánuði. Í kjölfarið fékk M tilvísun í segulómum og svo til bæklunarlæknis. Í tilvísun til bæklunarlæknis kemur fram að M hafi snúið sig á hægri fæti í vor og tognað á hné. Niðurstaða rannsókna var sú að M greindist með endastigs slit í hægri hné og fór hann í gerviliðsaðgerð hjá bæklunarlækni í kjölfarið. Þann 27. september 2021 tilkynnti lögmaður M tjónið til V sem hafnaði bótaskyldu úr slysátryggingu ökumanns og eiganda. Í kjölfarið lagði M fram samskiptaseðil heimilislæknis dags. 16. nóvember 2021 þar sem fram kemur að læknum hafi staðfesti að í samtali við M við fyrstu komu eftir slysið þann 10. maí 2021 hafi komið fram að ástæða þeirrar komu hafi verið afleiðingar áverka er M hafi hlotið er hann datt af bifhjóli. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði um að slysið hafi átt sér stað með þeim hætti sem hann lýsir því og að orsakatengsl séu milli líkamlegra einkenna og hins meinta tjónsatviks. Í fyrstu samskiptum M við heimilislækni, annars vegar við komu til heimilislæknis 10. maí og svo hins vegar í rafrænum samskiptum þann 30. maí 2021 minnst M ekki á að einkennin meggi rekja til bifhjólaslyss og tilgreinir í bæði skiptin að tjónsatburðurinn hafi átt sér stað um 3 vikum fyrir slysið þann 24. apríl 2021. Í skilaboðum M til heimilislæknis sem hann sendi í gegnum Heilsuveru þann 30. maí 2021 minnst M ekki á að hafa lent í slysi, heldur minnst eingöngu á hnémeiðslu sem hafi plagað hann í um tvo mánuði. Þrátt fyrir að heimilislæknir hafi í samskiptaseðli upplýst að í samskiptum við M þann 10. maí 2021 hafi honum láðst að tilgreina að M hafi upplýst sig um að einkennin mætti rekja til umferðarslyss þá er ekki unnt að horfa fram hjá skilaboðum sem M sendi sjálfur í gegnum Heilsuveru þar sem hvorki er minnst á bifhjólaslys

né rétta dagsetningu á upphafi einkenna frá hné. Þannig verður ekki talið að fullnægjandi sönnun liggi fyrir um að einkenni tjónþola megi rekja til umferðarslyss þann 24. apríl 2021. Með vísan til framangreinds á M ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda bifhjólsins X hjá V.

Reykjavík, 24. maí 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir